

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

7. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, mánudaginn, 3. mars 2008 kl. 13.25.

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður. Svandís Svavarsdóttir

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson

Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson varaform.

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Eyþór R. Þórhallsson

Mosfellsbær: Finnur Birgisson.

Seltjarnarnes: Stefán Bergmann.

Álftanes: Kristinn Guðlaugsson

Kjósarhreppur:

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Stefán Thors.

Auk þess sátu fundinn: Smári Smáráson og Geir Marelsson Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ, Þórarinn Hjaltason og Haraldur Sigurðsson sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. **Fundargerð 6. fundar frá 24. febrúar sl.** Fundargerðin var lögð fram og samþykkt að teknu tilliti til athugasemdar Garðabæjar.
2. **Glaðheimalóð, Kópavogi. Breyting á svæðisskipulagi.** Lögð fram endurskoðuð tillaga fyrir Glaðheima og endurbætt umsögn um athugasemdir (sbr. tölvupóstar Smára Smárásonar frá 29.02 2008). Í endurskoðaðri tillögu er gert ráð fyrir um 20.000 m² minna byggingarmagni en í fyrri tillögu, eða lækkun úr 195.000 m² í 175.000 m² á þeim 12,6 ha sem skipulagssvæðið tekur til Lagt var fram bréf Kópavogsbæjar (dagsett 03.03 2008) þar sem óskað er eftir því að samvinnunefnd afgreiðu tillögu fyrir Glaðheimasvæðið fyrir sitt leyti. Fulltrúar Kópavogs lögðu einnig fram fundargerð skipulagsnefndar Kópavogs frá 29.02 2008 (fundur nr. 1136) þar sem kemur fram kemur ný bókun um svæðið vestan Reykjanesbrautar, - “verslunar- og þjónustusvæði í Smáranum við Hlíðar-, Hæðar- og Hagasmára”)- “að skipulag fyrir umrætt svæði yrði unnið í heild sinni”, sbr. umræður á 6. fundi samvinnunefndar.

Fulltrúar Garðabæjar lögðu fram eftirfarandi tillögu vegna Glaðheima: ” Fulltrúar Garðabæjar leggja til að breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna Glaðheima verði samþykkt með þeirri breytingu að byggingarmagn á Glaðheimareit samsvari nýtingu á bilinu 0,75-1,25 sem getur talist eðlileg nýting miðað við þær forsendur sem gengið var út frá við gerð svæðisskipulagsins 2002. Með vísan til hugmynda bæjaryfirvalda í Kópavogi um frekari uppbyggingu á svæðinu og tillögu skipulagsnefndar bæjarsins um stækkun við Smáran leggja fulltrúar Garðabæjar til að samvinnunefndin verði upplýst nánar um þær tillögur og að þær komi til umfjöllunar sem veruleg breyting á svæðisskipulagi, verði þær samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs.”

Miklar umræður urðu um málið. Að tillögu formanns samvinnunefndar var ákveðið að fulltrúar Garðabæjar og Kópavogs funduðu í vikunni ásamt formanni til að ræða málið frekar, en stefnt yrði að útkljá málið á fundi samvinnunefndar að viku liðinni.

3. **Frestur samvinnunefndar til afgreiðslu skv. 3. mgr., 13 gr. skipulags- og byggingarlaga.** Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 03.03 2008, þar sem fram kemur að stofnunin gerir ekki athugasemdir, fyrir sitt leyti, við þá ósk samvinnunefndar að lengja afgreiðslufrest nefndarinnar vegna Glaðheima úr 6 vikum í 8 vikur.
4. **Tillögu Garðabæjar** um að “nefndin ráði til sín skipulagsráðgjafa sem undirbúi og meti þau mál sem koma fyrir nefndina”, var frestað til næsta reglulega fundi nefndarinnar þegar staða svæðisskipulagsins verður rædd, sbr. fundargerð 6. fundar.
5. **Næsti fundur** verður mánudaginn 10. mars 2008, kl. 13.15. Fundarstaður er Borgartún 3, Reykjavík

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.15